

Ed.

400. Frumvarp til laga

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðanna Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði. Ástæður eru þær, að í apríl 1971 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 46 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og lög nr. 44 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi. Nú hefur hins vegar komið í ljós hjá jarðeignadeild ríkisins, að hluti þess lands, sem í lögsagnarumdæmið færast með nefndum lögum og ætlunin var, að Hafnarfjarðarbær keypti, tilheyrði jörðinni Pálshúsum í Garðahreppi. Þar sem sá hluti lands Pálshúsa, sem hér um ræðir, hefur verið skipulagður undir svokallaðan Norðurbæ og byggingar þar eiga að hefjast nú bráðlega, er nauðsynlegt, að tryggð sé heimild ríkisstjórninnar til sölu landspildu þessarar til Hafnarfjarðarbæjar með sama hætti og landspildu úr jörðinni Dysjum. Það skal tekið fram, að frumvarp þetta er flutt með vitund og vilja sveitarstjórnar Garðahrepps.